

VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 & 8917810 NETFANG frettir@simnet.is

Víkurkirkja.

Guðsþjónusta sunnudaginn 4. mars kl. 14.00

Kirkukórinn syngur, organisti Brian R. Haroldsson.
Sr. Skírnir Garðarsson þjónar fyrir altari og leggur út af textanum Lúk. 11.28
"Sælir eru þeir sem heyra Guðs orð og varðveita það".

Helgistund á Hjallatúni kl 15.00

Vestur-Skaftfellingar

Búkolla er auglýsingadagskrá sem er gefin út í hverri viku og dreift inn á hvert heimili í Rangárþingi ytra, Rangárþingi eystra og Vestur-Skaftafellssýslu á miðviku- og fimmtudögum.



Skilafrestur á auglýsingum er fyrir kl. 16:00 á mánudögum.

Sími 487 5551 - svartlist@simnet.is



Aðalfundur félagsins verður haldinn fimmtudaginn 15. mars 2018 á Ströndinni, Víkurskála, klukkan 15.00

Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál
Mætum öll og nýjir félagar ávallt velkomnir

Þar sem Vitinn er nú að hætta útkomu, viljum við hjá Samherjum þakka fyrir samstarfið og stuðninginn á liðnum árum og óskum við útgefendum velfarnaðar á ókomnum árum

Stjórnin

Z - Sól í Skaftárhreppi

Sól í Skaftárhreppi - óháð framboð, er hópur einstaklinga sem áhuga hafa á framtíð Skaftárhrepps. Markmið okkar er fjölskylduvænt samfélag með öfluga þjónustu við íbúa. Okkur er annt um náttúruna og höfum sjálfbærni að leiðarljósi.

Viltu vera með okkur í mótun framtíðarsýnar fyrir sveitarfélagið?
Vinnufundur verður á Kirkjubæjarstofu 7. mars, klukkan 20.
Allir velkomnir sem hafa áhuga á að leggja málefninu lið.

Z-listinn

Íslenska konan

Hún bar þig í heiminn og hjúfraði að sér.
Hún heitast þig elskaði og fyrirgaf þér.
Hún ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.
Hún er íslenska konan sem ól þig og þér helgar sitt líf.

Með landnemum sigldi hún um svarrandi haf.
Hún sefaði harma, hún vakti er hún svaf.
Hún þerraði tárin hún þerraði blóð.
Hún var íslenska konan sem allt á að þakka vor þjóð.

Ó, hún var ambáttin hljóð
hún var ástkonan rjóð
hún var amma svo fróð.

Ó, athvarf umrenningsins
inntak hjálpræðisins
líkn frá kyni til kyns.

Hún þraukaði hallæri, hungur og fár.
Hún hjúkraði og stritaði gleðisnaud ár
Hún enn í dag fórna sér endalaust má.
Hún er íslenska konan sem gefur þér allt sem hún á.

Ó, hún er brúður sem skín
Hún er barnsmóðir þín.
Hún er björt sólarýn.

Ó, hún er ást, hrein og tær
Hún er alvaldi kær.
Eins og Guðsmóðir skær.

Og loks þegar móðirin lögð er í mold
þá lýtur þú höfði og tár falla á fold.
Þú veist hver var skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.
Það var íslenska konan sem ól þig og gaf þér sitt líf.

En sólin hún hnigur og sólin hún rís.
Og sjá þér við hlið er þín hamingjudís,
sem ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.

Það er íslenska konan, tákn trúar og vonar,
sem ann þér og þér helgar sitt líf.

Ómar Ragnarsson.

Frá Vitnum

Þar sem að Vitinn hættir nú útgáfu sinni, viljum við þakka auglýsendum og lesendum, góð samskipti á liðnum árum.

Bestu kveðjur
Vitinn/Sæunn



Rauði kross Íslands Víkurdeild

Boðar til aðalfundar 08. Mars kl:19.00 í Suðurvík

Dagskrá fundarins

- a. Fundur settur.
- b. Kosning fundastjóra.
- c. Skýrsla/greinagerð um starf deildar.
- d. Skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
- e. Framkvæmda- og fjárhagsáætlun lögð fram.
- f. Kosning deildarstjórnar skv.21.gr.
- g. Kosning skoðunarmanna og varamanna þeira.
- h. Önnur mál.

Gestur fundarins verður. ?

Stjórn Víkurdeildar



Deildarfundur Sláturfélags Suðurlands

Sameiginlegur deildarfundur Álftavers-Meðallandsdeildar, Skaftártungudeildar, Kirkjubæjardeildar, Hörgslandsdeildar og Öræfádeildar verður haldinn í Kirkjuhvoli Kirkjubæjarklaustri

fimmtudaginn 8. mars nk. kl. 20:10.

Hefðbundin störf deildarfundar.

Steinþór Skúlason forstjóri mætir á fundinn.

Félagsmenn allra deilda eru hvattir til að mæta.

Deildarstjórar



Aðalfundur VisitVík 2018

Aðalfundur VisitVík, hagsmunafélag í ferðaþjónustu í Mýrdalshreppi verður haldinn miðvikudagskvöldið **7. mars 2018 kl. 20.00.**

Fundurinn fer fram á **Ströndinni.**

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf og önnur mál.

Félagsmenn eru **hvattir** til að mæta á fundinn. **Ef þið komist ekki vinsamlegast sendið starfsmann/menn fyrir hönd fyrirtækisins!**

Nýjir félagar velkomnir.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórn VisitVík

VisitVík, Kötlusetur og Fræðslunet Suðurlands í Vík þakkar Vitanum kærlega fyrir samstarfið og ómetanlegt starf í þágu samfélagsins.



Anna Björnsdóttir:

Bekkurinn er til minningar um sæmdarhjónin foreldra mína sem lifðu og störfuðu í Vík á árunum 1955 - 1972 eða 17 ár, Björn Jónsson skólastjóra og Borghild Joensen húsmóður og hjúkrunarkonu. Bekkurinn er gefinn af okkur systkinunum sem í aldursröð eru Anna, Nína, Jón og Ásgerður.

Bekkurinn er staðsettur á bakkabrúninni við endann á Bakkabraut í Vík.

Þú hefur kannski gaman af að vita að fyrst bjuggum við í Guðlaugshúsinu í góðu sambýli við hjónin Ester Guðlaugsdóttur og Guðmund Sigfússon ásamt börnum, Guðlaug Jónsson pakkhúsmann og hjónin Einar Bárðarson yngri og Gullu Guðlaugs ásamt börnum. Samtals voru í húsinu 17 manns í tvö ár og bar aldrei skugga á sambýlið, þröngt mega sáttir sitja.



Meðfylgjandi, til gamans, eru myndir af Skólastjórahúsinu sem var byggt árið 1957 og við fluttum í rétt fyrir jólin 1957 og brúðarmynd 1947 af foreldrum mínu.

Anna Björnsdóttir